

8.12.2009

Alþingi
Erindi nr. P 138/538
komudagur 9.12.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

Afrit af tölvupósti sem sendur var ráðherrunum Katrínu Jakobsdóttur og Steingrími J Sigfússyni vegna
Þskj. 273 — 239. mál. Hér er um að ræða ítrekun og áréttingar fyrri raka

Nú þegar standa fyrir dyrum breytingar á lögum um virðisaukaskatt langar mig að benda ykkur á einkennilega staðreynd, nefnilega það að ríkisskattstjóri telur nótnabækur ekki vera “bækur” í eiginlegum skilningi nema þær innihaldi ákveðið magn texta umfram nótur! Þetta felur það í sér að nótnakaupmaður eins og ég get ekki vitað með vissu hvort bók er bók eða nótnabók þar sem ekki hafa fengist nákvæmar leiðbeiningar frá skattstjóra þrátt fyrir beiðni þar um. Ég hef átt í bréfaskiptum um þessu mál af og til við embætti RSK allt frá árinu 2002. Ég veit að Mördur Árnason og Helgi Hjörvar eiga þingmannafrumvarp um vsk á rafbækur en það blundar einhversstaðar í kerfinu. Þar vekja þeir athygli á því misræmi að kaupmaður skáldsögu rafrænt (með niðurhali) ber hún hærri vsk en á pappír. Þetta hvort tveggja mætti leiðrétta auðveldlega, með orðalagsbreytingum á 14. grein laga um virðisaukaskatt.

Mér finnst upplagt að nota tækifærið og lagfæra þessa hnökra um leið og frumvarp fjármálaráðherra um ráðstafanir í skattamálum verður tekið til umræðu. Ég hef skrifað þó nokkrum þingmönnum úr öllum flokkum vegna þessa og hef mætt góðvild og skilningi en ekkert gerist. Ég neita þó að gefast upp og kasta nú boltanum til ykkar tveggja í von um stuðning og aðgerðir.

Ég læt fylgja með útdrátt ú einu af bréfum mínum til ríkisskattstjóra frá júlí 2008. Þar rökstyð ég beiðni mína um leiðréttingu, en sá rökstuðningur fær Af einhverjum ástæðum ekki hljómgrunn hjá embætti ríkisskattstjóra.

Vegna ástandsins sem nú ríkir vil ég benda á að hér er ekki um neinar upphæðir að ræða í tekjutap fyrir ríkissjóð þar sem heildarvelta í sölu nótnabóka nær sjálfsagt ekki 20- 30 milljónum á ári. Það mun því ekki kosta ríkissjóð mikið að leiðrétta það ranglæti sem felst í þessu misræmi.

Varðandi vöruflokkinn er um ræðir

Nú virðist sem starfsmenn bæði fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra leggi mikla áherslu á ákvæði það sem tiltekur að bækur hafi texta í meginmáli.

Það segir sig sjálft að í venjulegri nótnabók eru *nóturnar alltaf meginmálið* og textinn til nánari upplýsingar og stuðnings – líkt og í myndabókum með texta. Þó skal geta þessa að

einnig eru til úrval bóka þar sem textinn er meginmálið og nóturnar til nánari útskýringa. Þetta á við um margar námsbækur er notaðar eru við tónlistartengt nám.

Hlutfallið er stundum svo jafnt að illmögulegt getur verið að ákvarða hvort texti eða nótur eru „meginmál“ án þess að til komi nánari útlistun á merkingu orðsins „meginmál“ í þessu samhengi og held ég því fram að eigi fyrirtæki sem sjá nemendum fyrir námsbókum að fara að mæla hlutfall innihalds blaðsíðna bóka sem innihalda texta og nótur sé það ósamræmanlegt þeim sjónarmiðum að skattlagning skuli ekki vera svo íþyngjandi að nánast sé ómögulegt frá sjónarmiðum hagfræðinnar fyrir einstakling eða fyrirtæki að tryggja að rétt sé farið eftir þeim. Ekki sé ég seljendum myndabóka íþyngt á sama hátt að þurfa mögulega að veita hlutföll mynda versus texta og er það tiltölulega sambærilegur málaflakkur.

Til samanburðar má einnig geta að myndablöð m.a.s.ósiðleg tímarit bera einungis 7% VSK. Tónlistartímarit sem oft innihalda mikið magn nótna bera einnig aðeins 7% VSK og er þetta þó einnig sambærileg form. Seljendum tímarita er ekki íþyngt með mælingum á hlutfallslegu innihaldi mynda versus texta eða texta versus nótna.

Nótur eru ritmál tónlistar og eru prentaðar í bækur. Þær bækur ættu samkvæmt sanngirnis- og meðalhófsreglum að vera skattlagðar á sama hátt og aðrar bækur, eða á sama hátt og önnur tónlist þar sem almennt *form* eða almennt *innihald* hlýtur að vera megináherslan frekar en hártoganir um *form innihaldsins* eða gamaldags bókstafsskýringar. Nú þegar mismunurinn milli íslenskra og erlendra bóka er brottnuminn hlýtur að vera ljóst að stórt spurningamerki verður að setja við slíka mismunum í tilfelli *nótnabóka*.

Þar sem virðisaukaskattur á bæði *bókum* og einnig á *spilaðri tónlist* er 7% er eðli málsins sakmvæmt ekki hægt að draga af því þá ályktun að undanþágan eigi að vera túlkuð þröngt þegar um ræðir sömu miðla í sama formi s.s *tónlist í bókum* þar sem eini munurinn er framsetning efninsins en ekki efnið sjálft(!) Það er harla ólíklegt að Alþingi hafi ætlað slíka mismunum að nemendur í tónlistarskólum og framhaldsnámi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands beri hærri skattbyrði og greiði meira fyrir námsbækur sínar en þeir er leggja stund á annarskonar nám með bókum sem falla skýrt og skilmerkilega inn í undanþáguna. Ég hef trú á því að íslensk börn, sem eiga rétt til menntunar samkvæmt stjórnarskránni, eigi öll jafnan rétt til stuðnings ríkisins í sinni skólagöngu eða þá að minnsta kosti jafnan rétt til fjarveru refsingar í formi hærri skattbyrðar.

Í öllu falli er deginum ljósara að ef magn eða hlutverk texta í hlutfalli við nótur skiptir máli þá þarf nánari skilgreiningu á því svo hægt sé að réttlæta það að lesa út úr því meira íþyngjandi skattprósentu en þá sem í dag á almennt við um bækur og tónlist.

Óskýr svör

Í svari fjármálaráðherra sem ég vitnaði til í fyrra bréfi mínu segir um undanþáguna í lokamálgrein:

“Þó nær undanþágan [...] til nótnabóka enda sé íslenskur texti með nótnunum.”

Þarna eru auðskilin rök, verndun íslenskrar tungu og menningar. Þegar íslenskuákvæðið er fellt niður og ef þau orð eru tekin út úr undanþágunni lítur hún svona út:

„Þó nær undanþágan til myndabóka með texta, t.d. barnabóka eða listaverkabóka, þótt texti sé ekki stórvægilegur, og til nótnabóka, enda sé texti með nútunum“

Eins og ég segi að ofan þá er mér og reynar einnig lögfróðum aðilum er ég hef ráðfært mig við ekki ljóst hvernig hægt er að skilja það svo að í myndabókum og listaverkabókum þurfi texti ekki að vera stórvægilegur en í nótnabókum þurfi hann að vera í meginmáli. Ég vísa aftur í 7% VSK lagðan á tímarit er innihalda bæði myndir og tónlistarefni.

Kjarni málsins þegar um ræðir óskýrar reglur hlýtur alltaf að liggja í lagasetningu Alþingis.

Í 14. grein VSK laganna, 6. málsgrein er fjallar um 7% flokkinn má lesa:

„Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýðdra, sem og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.“

Af þessu má ráða að litið er á nótnabækur sem bækur og að þær séu innifaldar í málsgreininni, þar sem þær eru ekki undanskildar sérstaklega. Reglugerðir og skattaflokkar hljóta samkvæmt reglum um lögskýringar að vera lesnar í samræmi við lög Alþingis, þar sem einungis Alþingi hefur raunverulegt vald til skattlagningar og allt annað vald s.s. til innheimtu er annað hvort frá því komið eða einfaldlega ekki til þ.e.a.s. *ultra vires*, sem eins og vitað er gengur þvert á eitt af grundvallaratriðum réttarríkisins.

Í öllu falli stingur það í augu bæði leikmanns og lögfróðra að VSK á spilaðri tónlist er 7% og vsk á öllum rituðum bókum er 7% en bækur með ritaðri tónlist skulu hafa 24,5% nema í þeim sé eitthvert ákveðið magn eða gerð annars texta – en það magn og gerð er ekki nánar tiltekið þannig að hægt sé að ákvarða með vissu og án vafa í hvorn flokkinn sumar bækur falli. Þetta getur einfaldlega ekki samræmst sjónarmiðum um framkvæmd laga af þessari gerð.

Einnig skal athuga að sama skattprósenta er á spilaðri tónlist hvort sem með henni er fluttur texti eða ekki, þannig ekki fær túlkun ríkisskattstjóra stoð í neinni aðgreiningu þar á milli þar sem það er engin slík aðgreining.

Engu að síður fara nótur allar í einn tollflokk 4904.0000 við innflutning og er innheimtur 24,5% VSK af þeim tollflokki og er það óskiljanlegt þar sem ekki er hægt að sjá að það sé nein skýr og skilmerkileg ástæða fyrir þessari prósentu önnur en þröngar gamaldags bókstafsskýringar sem hvorki samræmast markmiðum lagasetningar Alþingis né heldur eignarréttarsjónarmiðum, stjórnarskránni né heldur rétti íslenskra barna til menntunar og jafnréttis í þeim málum.

Það er erfitt að sjá að hér sé verið að gæta jafnræðis, sanngirni eða meðalhófs gagnvart skattborgurum og ég tel það þurfi mun sterkari rökstuðning en það sem ég hef hingað til heyrt svo að ásættanlegt geti talist að nótur eigi að vera í hærri skattflokki en bækur og tónlist, þegar færa má rök fyrir að nótnabók sé hvorttveggja, bók og tónlist.

Ég tel mig hafa fært allgóð rök í fyrra bréfi mínu og hér að ofan fyrir því að nótnabækur eigi að bera 7% vsk óháð magni og gerð annars textainnihalds þeirra. Upphaflegu lögin með síðari breytingum gera bókum og tónlist þau skil að þar beri að skattleggja í lægra þrepi en ella, þar sem um er að ræða listir og menningu. Nótnabækur hafa fallið milli stafs og hurðar í þessu ferli og þeir sem bera skaðann eru börn og unglingar í tónlistarnámi. Að hafa sumar

nótnabækur í 24,5% flokki vegna þess eins að ekki er nóg af rituðu máli í þeim eru mér óskiljanleg rök og klárlega í andstöðu við anda laganna.

Ef embætti ríkisskattstjóra vill halda til streitu hinni hærri skattprósentu fer undirrituð fram á skýran rökstuðning bæði á þeirri túlkun og einnig rökstuðning á því hvaðan ríkisskattstjóri telur sig hafa umboð eða vald til slíkrar íþyngingar án frekari lagasetninga og biður um vísan í þær lögskýringar sem ríkisskattstjóri notast við. Ef nánari reglur um magn eða hlutföll texta eða nótna eru kjarni málsins er undirrituð fús til að láta embættinu í té nótnabækur til skoðunar þannig að hægt sé að leggja skýrar línur fyrir okkur sem íþyngt er með þeirri kvöð að framkvæma þessa innheimtu af hinum almenna borgara og tónlistarnemendum á Íslandi.

Virðingarfyllst,
Hrönn Harðardóttir

Tónastöðin
Skiopholti 50d
IS-105 Reykjavík
Sími: 552-1060
Fax: 562-8778
e-mail: hronn@tonastodin.is